

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Dalvíkurbyggð.

1. gr.

Bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (urðunar- og sorphreinsigjald).

2. gr.

Gjaldið er lagt á hverja íbúð og hvert fyrirtæki í lögsagnarumdæmi Dalvíkurbyggðar. Gjaldið er innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld.

3. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

- a) Íbúðir, sorphirðugjald, kr. 27.400.
- b) Gjöld í endurvinnslustöð á Dalvík eru samkvæmt eftirfarandi töflu:

Móttöku- og urðunargjald rekstraraðila á endurvinnslustöð					
Flokkur	Áætlað magn allt að		Móttökugjald og flutningur kr.	Urðunargjald kr.	Samtals kr.
A	100 kg	1,5 m ³	2.750	3.300	6.050

Fyrir hvert kíló umfram 100 kg greiðist samtals í móttökugjald og flutning 27,50 kr. og 33 kr. í urðunargjald og fyrir hvern 1,5 m³ umfram 1,5 m³ bætist 2.750 kr. fyrir móttökugjald og flutning og 3.300 kr. í urðunargjald.

- c) Ekki er tekið neitt gjald fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslugjald, þar má nefna: pappambúðir, plastambúðir, hjólbarða, heyrulluplast, ýmis spilliefni og úrelt ökutæki.
- d) Íbúar Dalvíkurbyggðar þurfa ekki að greiða móttökugjald fyrir úrgang sem tengdur er venjulegum heimilisrekstri á endurvinnslustöð á Dalvík.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar, er hér með staðfest samkvæmt heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, samkvæmt lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og öðlast nú þegar gildi. Jafnframt fellur fyrri gjaldskrá um sorphirðu í Dalvíkurbyggð nr. 742/2011 úr gildi.

Dalvíkurbyggð, 26. október 2011.

Svanfríður Inga Jónasdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 16. nóvember 2011